

Skipulagsstofnun

Mál nr.194/2025

Jón Smári Jónsson, Skipulagsstofnun

Skilað á Skipulagsgátt

Reykjavík 27. mars. 2025

Hagavatnsvirkjun, allt að 9,9 MW vatnsaflsvirkjun í Bláskógabyggð

Hagavatnsvirkjun ehf. áformar að reisa 9,9 MW vatnsaflsvirkjun við Hagavatn, sunnan Langjökuls í Bláskógabyggð. Gert er ráð fyrir því að byggja stíflu ofan við núverandi útrás úr vatninu ofan við Nýjafoss og aðra í gömlu útrásinni, að vestan ofan við Leynifoss. Við Leynifoss er gert ráð fyrir að grafa aðrennslisskurð úr Hagavatni að inntaki virkjunar, sem verður í stíflunni. Gert er ráð fyrir að vatnsborð Hagavatns verði í allt að 455 m.y.s. og lónstærð um 23 km². Víðtæk andstaða hefur verið við áform um virkjunarframkvæmdir í Hagavatni og fyrir því liggja mjög margar vel rökstuddar ástæður. Nánast sami virkjanakostur en með >10 MW afli er í biðflokki Rammaáætlunar (sjá heimasíðu Rammaáætlunar) vegna neikvæðra umhverfisáhrifa. Ekki verði séð að það fái staðist að leggja fram sama virkjanakost þar sem aðeins er dregið úr uppsettu afli en er að öðru leiti eins.

Forsagan

Athugasemdir [Landverndar frá 2014](#) eiga að langflestu leyti við í dag þótt virkjunaráform í megawöttum hafi verið dregin saman frá upphaflegum áformum. Eftir sem áður verður um óafturkræft rask á sérstaklega viðkvæmu svæði að ræða. Í áætlun Vatnsorku ehf í upphafi var gert ráð fyrir 38 MW virkjun, síðar 18 – 20 MW og svo nú 9,9 MW. Landvernd óttast að í smækkun liggji ekki miklar mótvægisáðgerðir vegna náttúrurasks og vekur það því upp grun um að smækkunin sé til komin til að komast hjá faglegri yfirferð sem rammaáætlun inniheldur. Ekki er dregið fram hvaða langtímasýn fyrirtækið hefur með tilliti til mögulegrar stækkunar síðar í ljósi fyrri áætlana.

Í þessu sambandi er viðeigandi að minna á dæmi þess að framkvæmdaaðili færði áformaða Hnútu virkjun niður í áætlunum frá 15 MW niður fyrir 9,9 MW. Sú virkjun féll engu að síður með þeim úrskurðarorðum að umhverfisáhrifin væru svipuð og við fyrri áætlanir. Varast skal því sérstaklega á viðkvæmum svæðum eins og hér um ræðir að álykta að það séu alltaf bein áhrif á milli MW og umhverfisáhrifa. Utan þessa er mjög mikilvægt að áréttu enn og aftur [að 9,9 MW virkjun er ekki smávirikjun](#). Heimildin fjallaði einnig um þessi mál í [júlí 2020](#).

Í bréfi Landverndar 2014 um Hagavatnsvirkjun til atvinnuveganefndar alþingis lá meðal annars fyrir álit sérfræðinga en að mati Ólafs Arnalds (prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands)

„geta breytingar á vatnsborði Hagavatns haft gríðarlega mikil áhrif á svæðið og aðeins örlítill vatnsborðslækkun á hugsanlegu lóni að vetri eða vori geti stórauikið hættu á foki. Því geti örlítill miðlun verið ávísun á meiri vandræði, meira uppfok o.s.frv. en nú er á svæðinu. Þannig myndu jökullæurnar sem nú renna í Hagavatn trúlega fljótt mynda aurkeilu út í vatnsborðið og þar geti því skapast veruleg fokvandræði, en með tímanum gæti fokið aukist eftir því sem aurkeilan lengist. Þá gæti fokið hugsanlega færst að hluta til meira vestur fyrir Þórólfsfell og Hlöðufell, en land er að gróa upp vestan Hlöðufells“.

Í sama erindi kemur eftirfarandi fram „Náttúrufræðistofnun hefur einnig unnið að jarðfræðirannsóknnum á svæðinu á undanförunum árum og í umsögn stofnunarinnar kemur fram að við Farið sé „eitt af bestu sniðum á landinu til að rannsaka neðri og innri hluta móbergshryggja“. „Hlifa

Síðan þetta var ritað hafa ítarlegri rannsóknir dregið fram neikvæðari áhrif foks en áður var talið.

Öll umræða um virkjun Hagavatns frá því fyrstu áform voru sett fram til dagsins í dag hefur því sýnt að mikil og víðtæk andstaða ríkir um þessa virkjunarhugmynd og álit sérfræðinga hafa ekki breyst út frá umhverfisáhrifum. Vatnsorka ehf hefur hins vegar haldið verkefninu til streitu með því að setja fram endurteknar og breyttar áætlanir óháð fyrirbyggjandi umhverfisskaða, hvort sem er um 38 MW, 20 MW eða 9,9 MW. Landvernd hefur endurtekið sett fram athugasemdir og varað við áformum <https://landvernd.is/hagavatn-i-haettu/>

Fjöldi athugasemda úr ólíkum áttum hafa borist gegn Hagavatnsvirkjun óháð þeirri MW tölu sem gefin hefur verið uppi með áformum hverju sinni, m.a. frá sérfræðingum, [sem sjá má hér](#).

Þá liggur fyrir [viðamikil greining](#) á þeim fjölbættu umhverfisvandamálum sem við yrði að glíma varðandi Hagavatnsvirkjun, óháð stærð virkjunar.

Sjón er sögu ríkari, árfarvegurinn og þessar einstæðu fossaraðir munu hverfa og í staðinn verður ásyndin grjóttgarðar og stíflumannvirki og með því allt upplifunargildi tapast með áhrifum á ferðamennsku, útivist og spjöll á ásynd og víðernistilfinningu. [Sjá myndband frá Ellert Grétarsyni](#).

Staðhættir

Hagavatn afmarkast til suðausturs af móbergsfjallgarði sem kallast Brekknafjöll og í honum eru tvö skörð þar sem farvegir liggja úr vatninu niður í Sandvatn. Í þeim er áformað að byggja tvær jarðvegsstíflur, annars vegar í nyrðra skarðinu þar sem núverandi útfall Hagavatns rennur um farveginn Farið og hins vegar í syðra skarðinu þar sem fyrrum útfall vatnsins liggur um farveg sem sameinast Farinu stuttu austar. Nyrðri stíflan verður um 25 m á hæð og um 250 m á lengd en syðri stíflan verður lægri eða um 15 m á hæð og um 300 m breið. Með tilkomu stíflanna mun vatnsborð Hagavatns hækka og verður að miðlunarlóni sem mun ná yfir landsvæðið austur af núverandi vatni. Hagavatn er í dag um 4-5 km² en verður um 17-23 km² að stærð.

Í **Samantekt (bls. 1)** segir „Með endurheimt Hagavatns er vonast til að gróðurþekja aukist og að svifryksmengun minnki með bættum lífsgæðum á svæðinu og í byggð, einkum í uppsveitum Árnessýslu. Tilgangurinn með virkjun Hagavatns er að samþætta þennan vænta umhverfislega ávinning af stækkun vatnsins og verðmæti sem skapast með virkjun fallsins úr vatninu.“

Enn fremur segir: „Gert er ráð fyrir fyrirhugaðri framkvæmd í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Líkleg áhrif af endurheimt Hagavatns voru metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins samkvæmt þáverandi lögum um umhverfismat áætlana. Helstu niðurstöður þess mats voru eftirfarandi:

- Með endurheimt Hagavatns dregur úr uppblæstri og sandfoki yfir byggð, mistur minnkar og sést til fjalla á þurrum dögum.
- Stórt stöðuvatn mun breyta ásynd landsins á þessu svæði en þá ber að líta á það að Hagavatn náði yfir umrætt svæði allt þar til hljóp úr því árið 1939.
- Endurheimt Hagavatns er forsenda þess að hægt sé að ráðast í frekari landgræðsluáðgerðir sunnan vatnsins.“

Engin vissa er um að fyrir því að fyrsta fullyrðingin standist – þvert á móti er allt eins líklegt að vandinn aukist verulega með tímanum – sem kemur skýrt fram í Viðauka um uppfok og sandfok eftir Ólaf Arnalds o.fl. (2019).

Á bls. 2 segir „Gert er ráð fyrir að vatnsborð Hagavatns verði allt að 455 m.y.s. og lónstærð um 23 km² en að hægt verði að draga niður í því um 5 m eða í kóta 450 m y.s. og verður lónstærð þá um 17 km².“

Vert er að taka fram að munur upp einn ferkílómeter er mjög mikið, það er stórt svæði fyrir ofvirk uppfokssvæði af þessu tagi og er í raun svipað að stærð og virkasta uppfokssvæðið í dag (svæði B á korti á bls. 82, mynd 5.28.

Þá segir einnig í samantekt:

*„Jarðvegsfok. Áætlað er að stækkun Hagavatns muni hafa bein jákvæð áhrif á uppfok svifryks til skamms tíma (1040 ár). Þar sem innrennsli er í lónið mun aurkeila myndast með tímanum, sem gæti á nýjan leik valdið sandfoki og rykmyndun. Því er það metið svo að aðstæður á Hagavatnssvæðinu verði mun betri varðandi svifryk til skamms tíma og sambærileg varðandi sandfok en til lengri tíma litið leikur vafi á að virkjunin muni ná þeim tilgangi að minnka sandfok og rykmyndun. Magn svifryks er sá þáttur sem skiptir mestu máli fyrir loftgæði og því skiptir mestu máli fyrir almenning að uppfokssvæði svifryks minnki. Gert er ráð fyrir að virkjunin hafi bein jákvæð áhrif á myndun svifryks og óveruleg áhrif á sandfok til skamms tíma en óvíst hver langtímaáhrifin verða. Áhrifanna verður vart á stórum hluta landsins og eru metin mikil umfangs. **Að framansögðu er það metið svo að Hagavatnsvirkjun muni hafa nokkuð jákvæð áhrif á jarðvegsfok en til langs tíma eru áhrifin óviss.**“ (Feitletrun bætt við)*

Í raun er ekkert hægt að fullyrða um áhrif virkjunarinnar á uppfok, því þótt dragi úr foki að austanverðu mun það aukast til muna að vestanverðu, og getur m.a. valdið myndun nýrra áfoksgeira þar sem sandur gengur yfir land sem gróið hefur upp með tímanum (Sjá kafla 8.1 í skýrslu ÓA o.fl. 2019).

Slík neikvæð áhrif vega upp önnur jákvæð áhrif – og því verður ekki fallist á þau rök fyrir virkjun að hún mögulega minnki neikvæð áhrif sandfoks og rykefna.

Í skýrslu COWI eru bent á að íspekja sé til staðar að vori þegar lægst er í lóni. Ekki verður séð að faglegar forsendur séu færðar fyrir þeim fullyrðingum og breytileiki íspekjunnar væntanlega mikill. Því er hugsanlegt að gríðarlegt uppfok að vori, mun meira en gert er ráð fyrir í skýrslu COWI muni eiga sér stað í þeim árum sem lítill ís er.

Um myndun aurkeilu

Rétt er að hafa í huga að jökullinn hefur hörfað verulega frá því sem var þegar Hagavatn var stærra og því aðstæður aðrar og uppfokssvæðin stærri. Því er í raun ekki að hægt að tala um endurheimt Hagavatns heldur eru myndaðar aðrar aðstæður en voru fyrir hendi á fyrri tímum.

Myndun aurkeilu í farvegi Læmisins sem rennur til Hagavatns er alvarlegt umhverfisvandamál sem fylgir myndun lónsins. Ef lónið fyllst hratt á vorin eykst hraði aurkeilumyndunar með afar virku foksvaldi, en ef lónið fyllist hægt eru stór svæði með nýjum virkum fínkorna efnum sem fýkur úr á þurru lengur fram eftir sumri – því má segja að vandinn verði ærinn.

Segja má að stærð aurkeilu eftir 50 og 100 ár lýsi katastrofískum aðstæðum (mynd 5.32, bls. 85), vegna ógnarstórra uppfokssvæða.

Svæði B á mynd 5.28 (bls. 82) er einn ferkílómetri en telst sem virkasta uppsprettan nú. Svæði sem verður á þurru þegar dregur niður úr lóninu er svipað eða jafnvel mun stærra. Af því má draga þá ályktun að ný uppfokssvæði munu jafnast á við þau sem fyrir eru nú.

Segja má að hægt og bítandi gangi á þau efni með uppfoki sem komið hafa á þurrt við lækku Hagvatns í tímans rás. Mest af efninu sem Læmið ber fram endar í núverandi Hagavatni. Færa má rök fyrir því að það sé farsælt að láta efnin klárast með náttúrulegum ferlum á komandi áratugum í stað þess að skapa algjörlega ný vandamál með setmyndun í stækkuðu Hagavatni, með sífelld stækkandi aurkeilu – þar sem forsendur fyrir áætlun á þróun aurkeilunnar eru mjög hæpnar eða standast ekki (sjá hér fyrir neðan).

Augljóst er að gögnum um aurburð sem vitnað er til ber ekki saman. Þær tölur skipta gríðarlega miklu máli fyrir útreikninga á stækkun aurkeilu að vestanverðu þar sem Læmið rennur í fyrirhugað lón – sem síðan mun þróast í uppfokssvæði, sem líkist þeim svæðum sem voru fyrir hendi eftir að lækkaði í Hagavatni á kjölfar breytinga á útfalli. Í skýrslu COWI segir (bls. 85):

„Grófir reikningar Landbúnaðarháskóla Íslands, út frá sýnum sem tekin voru sumarið 2019, gefa aftur á móti til kynna að setburðurinn sé talsvert meiri eða á bilinu 2-4 kg/m³. Þessar forsendur eru hins vegar einnig veikar eins og forsendur Mannvits. Líklega er þetta þó ofmat þar sem sýnin voru tekin að sumri til þegar reikna má með að setburður sé í hámarki. Miðað við aurburð upp á 0,2-2,0 kg/m³ má gera ráð fyrir að stærð aurkeilunnar verði á milli 0,5-4,6 km² eftir 50 ára rekstur virkjunarinnar. Eftir 100 ár má gera ráð fyrir að stærð aurkeilunnar verði á milli 0,9-7,4 km² og eftir 200 ár í rekstri má gera ráð fyrir að stærð aurkeilunnar verði á milli 1,5-10,5 km² (myndir 5.31 og 5.32). Ósennilegt er að aurkeilan nái efri mörkum í stærð, þar sem aurstyrkur í innrennsli er líklega sjaldnast nærri því marki sem til þarf (viðauki 5). Ekki er gert ráð fyrir aurskolun úr lóninu heldur þess í stað bent á aðrar mögulegar aðgerðir í kafla 5.7.3 hér á eftir.“

Hærri tölurnar eru mjög háar og vandinn sem fylgir uppfokssvæðum af þessari stærðargráðu er margfaldur á við það sem nú er! Vitnað er til mögulegra aðgerða í kafla 5.7.3 (er ekki til staðar, á líklega að vera 5.7.2.3) en þar er ekkert bitastætt að finna.

Í skýrslu Lbhl sést að aurburðarsýni voru tekin að sumri (Ólafur Arnalds o.fl. 2019) en ekki við flóðaaðstæður, frekar við meðalaðstæður að sumri í þurkki. Sumarflæði, ekki síst í miklum hlýindum og/eða vætutíð leggja til stóran hluta vatnsins (þess vegna þarf lón) og því er einmitt marktækt að taka sýni að sumri til. Því er líklegt að Umhverfismatsskýrsla COWI vanmeti setmyndun frá Læminu gróflega, sem þýðir að líkur eru á að aurkeilan vaxi hraðar en gert er ráð fyrir í áætlunum COWI, eða efri mörkin feitletruðu í tilvitnun hér á undan.

Myndun aurkeilu að vestanverðu á eftir að hafa gríðarlega mikil og neikvæð umhverfisáhrif með tímanum. Þau áhrif taka til uppfoks og rykmyndunar (af svipaðri stærðargráðu og þegar er á svæðinu) en einnig er talið líklegt að svokallaðir áfoksgeirar og nýjar sandleiðir myndist út yfir gróin lönd sunnan við vestanvert svæðið (m.a. vestan Hlöðufells). Sandflutningur inn á það svæði er nú lítill því sanduppsprettan er þorrinn, en lónið myndi hlaða hana upp að nýju. Því má segja að ónákvæmni í áætlunum COWI er varðar aurburð og þróun aurkeilu sé af þeirri stærðargráðu að ekki séu faglegar forsendur fyrir Hagavatnsvirkjun.

Umhverfismatsskýrsla

Í Umhverfismatsskýrslu kemur ekki skýrt fram hvernig framkvæmdin passar við Landskipulag og/eða önnur bindandi markmið líkt og samning um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Einungis kemur fram „Með endurheimt Hagavatns er **vonast til** að gróðurþekja aukist og að svifryksmengun minnki með bættum lífsgæðum á svæðinu og í byggð, einkum í uppsveitum Árnessýslu. Tilgangurinn með virkjun Hagavatns er að samþætta **þennan vænta umhverfislega ávinning** af stækkun vatnsins og þau verðmæti sem skapast með virkjun fallsins úr vatninu“

Að mati Landverndar eru þessar **væntingar** ekki á rökum byggðar. Að halda því fram að það verði jákvæður umhverfislegur ávinningur með margfaldri stækkun Hagavatns í miðlunarlón er langt gengið í réttlætingu af hálfu framkvæmdaðila.

Í öllum tilfellum ber hegðun miðlunarlóna í sér sveiflur á vatnsborði sem veldur oft en ekki rofi og því stærra svæði sem miðlunarlón þekur þeim mun meira rof. Það liggur því fyrir að framkvæmdaðili með sérfræðingum COWI hafa rangtúlkað niðurstöður frá sérfræðingum sem hafa stórlega varað við gerð á fyrirhuguðu miðlunarlóni í Hagavatni. Þar má vitna til álits sem framar í umsögn má sjá m.a. frá sérfræðingi á borð við Ólaf Arnalds (o.fl. 2019) og er einnig að finna í umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands en þar kemur meðal annars fram að miðlunarlón mun ekki draga úr rofi, sandfoki og svifryksmengun í byggð heldur verður því öfugt farið. Framkvæmdaðili snýr í umhverfismatskýrslunni málum því á hvolf þar sem einnig kemur orðrétt fram að

„Gert er ráð fyrir að virkjunin muni hafa bein jákvæð áhrif á myndun svifryks og óveruleg áhrif á sandfok til skamms tíma en óvíst er hver langtímaáhrifin verða“.

Fossar og gljúfur

Ekki verður horft fram hjá því að við virkjun Hagavatns eyðileggst tilkomumikil fossaröð frá útfalli Hagavatns en þar eru Nýjifoss og Leynifoss samliggjandi. Ef framkvæmdir ganga eftir með inngripi vegna stíflugarða og annarra mannvirkja við vatnið. Að þessu tilefni skal minna á að *„Fossar og nánasta umhverfi þeirra, að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Fossar og gljúfur hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og við álag er hætta á gróður- og jarðvegseyðingu á vinsælustu útsýnistöðum.“*

Sýnileiki stíflna og yfirfalls.

Í viðauka Landslag og ásýnd liggur fyrir á sýnileikakorti að áhrif áformaðrar virkjunar á hálendið og óbyggð víðerni verða mikil. Landvernd óskar eftir að sýnileikakort verði endurskoðað og sannprófað þar sem sýnileiki frá einu vinsælasta göngusvæðinu svokölluðum Jarlhettum virðist þrátt fyrir metin sýnileikaáhrif engu að síður áætluð mjög lítill í ljósi nálægðar þetta vinsæla útivistar- og göngusvæði. Inngrip vegna ásýndarmengunar mannvirkja á svæðinu verða víðtæk en á sýnileikakorti í viðauka má sjá áhrif uppbyggðs vegar á umhverfið í stað slóða sem er í dag sem brýtur landslag með engu móti upp í samanburði við þær áætlanir sem framkvæmdaðili hefur og þarf til vegna margvíslegra þungaflutninga og rasks á framkvæmdatíma. Aðkomuvegur yrði eitt af minnismarkjum víðtækrar eyðileggingar á svæðinu.

Mynda og kortagögn

Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við þær ljósmyndir sem settar eru fram í viðauka en þær ná ekki utan um sýnileikaáhrifin þar sem stíflumannvirki eru m.a. sýnd í mikilli fjarlægð og áhrif dempuð. Áhugaverðara hefði verið ef framkvæmdaaðilar hefðu tekið sjónarhorn undir áætluðum stíflumannvirkjum og sýnt fossana fyrir og eftir framkvæmdir. Áhrif stíflumannvirkja í landslagi þar sem ljósmyndir eru teknar í fjarlægð og nánast í línulegri stefnu í lengd sinni gefur eðli máls allt aðra sýn á ásýnd og áhrif heldur en ef teknar væru myndir beint á móts við stífluveggi og það ekki síst vegna þess að aðkomuleið að Hagavatni mun einmitt sjónrænt liggja þvert fyrir augum þeirra sem koma að svæðinu.



Útsýni frá toppi Stóru Jarlhettu

Mynd: Ólafur Már Björnsson

Jarlhettur eru um 15 km röð af móbergstindum við eystri Hagafellsjökul í Langjökli. Tindarnir rísa í allt að 300 m hæð yfir nágrenni sitt og þaðan sem er stórfenglegt útsýni, sjá meðfylgjandi mynd.

Útivist og ferðapjónusta

Fram kemur að áætlað er að virkjunin leiði til um 30% fækkunar á komum ferðamanna í núverandi markhópi. Umtalsverð eftirspurn er eftir svæðinu af gönguhópum. [Hér má sjá ágæt sýnishorn](#) um upplifunargildi svæðisins eins og það er í dag og hvernig útivistarfélög ýmis nýta sér svæðið. Náttúran á svæðinu ber með sér ótal tækifæri ósnortin eins og kemur [fram hér](#).

Í viðauka Hagavatn um áhrif á ferðapjónustu og útivist kemur meðal annars fram í spurningakönnun. Svarendur við Hagavatn voru spurðir: „Komstu á þetta svæði til að upplifa víðerni/ósnortna náttúru?“ Svarmöguleikar voru „já“ eða „nei“. Töldu 98% svo vera. Þá segir í skýrslunni: „Kannað var hvort ferðamenn ætluðu að skoða Nýjafoss og/eða Leynifoss en þeir munu hverfa ef af Hagavatnsvirkjun verður. Flestir, eða 79% svarenda, ætluðu að skoða Nýjafoss og 74% svarenda ætluðu að skoða Leynifoss.“ Niðurstaðan er afgerandi að næstum allir komu til að upplifa víðerni/ósnortna náttúru, auk þess vildi yfirgnæfandi hluti ferðamanna skoða fossana. Aðrar spurningar sem lúta að viðamikilli vegagerð, stíflumannvirkjum með lokun á fossaröðum og stíflugerð falla um sig sjálfar af þeirri ástæðu að fólk upplifir sig ekki við hliðina á stórvirkjanaframkvæmd eins og það sé statt á ósnortnu víðerni. Í þessu sambandi til að sýna hvaða aðrir hagsmunir eru undir má árétta að árið 2015 sendi [Ferðafélag Íslands frá sér umsögn](#) þar sem farið er yfir margháttaðar staðreyndir m.a. að „Landgræðsla ríkisins hefur fallið frá fyrri fyrirætlunum um að hækka vatnsborð Hagavatns til að draga úr sandfoki við sunnanverðan Langjökul. Talið er að samfelldu gróðurlendi stafi ekki ógn af því sandfoki sem nú er á svæðinu“ Þá kemur fram í sömu athugasemdum FA. um skýrslu Mannvits, nú COWI „Samkvæmt skýrslu Íslenskrar vatnsorku (Mannvit 2015) gegur tilögun virkjunarinnar „út á að virkja Farið, útfall Hagavatns, hækka vatnsborð vatnsins og nota það sem miðlun og til að hefta áfok af svæðinu.“ Miðlunarlón það sem lýst er í skýrslunni er svo fjarri því að vera til þess fallið að hefta fok af svæðinu að nánast er um öfugmæli að ræða.“

Síðast en ekki síst þá segir í umsögn Ferðafélags Íslands eftirfarandi og ber þá að hafa í huga að áformin nú og þá munu hafa nær því óbreytt umhverfisáhrif *”Gönguleiðum um óbyggðalandslag verður spillt og sú upplifun sem ferðamenn sækjast eftir mun hverfa með tilkomu virkjunar og annarra mannvirkja við Hagavatn. Eftir sjötíu ára uppbyggingarstarf Ferðafélags Íslands við Hagavatn verður grundvellingur kippt undan rekstri félagsins og framtíðaráformum á svæðinu.”* Lónið verður gífurlegt inngríp í þau náttúrlegu ferli sem nú eru að verki við suðurjaðar Langjökuls. Að auki mun þorri allra ummerkja um þróunarsögu Hagavatns hverfa undir lónið. Með byggingu Hagavatnsvirkjunar mun hið alkunna hamfarasvæði við Hagavatn eyðileggjast en þar eru einhverjar merkustu og skýrustu jarðminjar úr sögu jökulhörfunar á Íslandi á 20. Öld“

Áhrif á vatnsvið

Fyrir liggur að framkvæmdaðila tekst ekki í skýrslu þessari að gera fullnægjandi grein fyrir [áhrifamati á grunnni tilskipana um vatnamál/vatnshlot](#). Þrátt fyrir að sýnt sé að áhrif virkjunar Hagavatns muni hafa afleiðingar langt niður eftir árfarvegi og með tilliti til áætlaðra nokkuð neikvæðra áhrifa á lífríki í Sandavatni og afrennsli þess og áfram sem leið liggur, er það engu að síður niðurstaða framkvæmdaðila í kafla 5.5.2.3. í umhverfismatskýrslu að gera engar ráðstafanir til mótvægisáðgerða tengdu vatnalífi. „Breytingar á vatnafari og framkvæmdir í farvegi munu hafa bein neikvæð áhrif á vatnalíf. „*Nokkuð líf er í Sandvatni og ánum Fari og Sandá en Hagavatn er nánast líflaust og gætu flestar þær lífverur sem þar er að finna verið komnar úr nálægum lækjum. Talið er að áhrif á vatnalíf verði nokkuð neikvæð.*”

Eðli tilskipana er varðar vatnshlot er einmitt og ekki síst að koma í veg fyrir tjón á lífríki eða náttúru af öðru tagi á svæðum sem tengjast framkvæmdum geta leitt af sér tjón langt út fyrir virkjun eða önnur röskuð svæði. Vert er að minna á í ljósi nýfallina dóma hvað varðar áhrifamat vegna vatnamála/vatnshlots sbr. Hvammsvirkjun sem breytt hefur nálgun vegna rannsóknarskyldu orkufyrirtækja og með eftirfylgni stofnanna þá gefa eldri úrehtar upplýsingar og tilvitnanir um vatnamál sem Vatnsorka ehf styðst við alls ekki rétta mynd af stöðunni.

Að lokum

Á grunnni umsagna Landverndar á fyrri og síðari stigum ásamt fjölda umsagna annarra samtaka, hagsmunaaðila og sérfræðinga hefur verið sýnt fram á að áform um virkjun Hagavatn stenst enga skoðun. Landvernd treystir því að áætlun um virkjun Hagavatns verði tekin af dagskrá í eitt skipti fyrir öll.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir formaður